DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM BÚLANDSVIRKJUNAR



RITSTJÓRAR: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR OG SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR BECK

REYKJAVÍK 2012

FS502-12071

SO-2012-04

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumynd er af rétt SF-181:009. Horft til vesturs.
Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2012
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

SUÐURORKA

Titilblað

Skýrsla Suðurorku nr SO-2012-04 **Dagsetning** Desember 2012

Verknúmer 0136S

Fjöldi síðna: 52 **Upplag:** 10 **Dreifing:** Opin og á vef Suðurorku

Titill: Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Búlandsvirkjunar

Höfundar/Fyrirtæki Fornleifastofnun Íslands: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck

Unnið fyrir: Suðurorku

Verkefnisstjóri: Guðmundur Valsson, verkefnisstjóri Suðurorku
Elín Ósk Hreiðarsdóttir, verkefnisstjóri Fornleifastofnunar Íslands

Útdráttur: Unnin var deiliskráning fornleifa á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Búlandsvirkjunar. Tekin voru út sjö svæði þar sem framkvæmdir verða í tengslum við virkjunina og var 50 m breitt helgunarsvæði umhverfis öll mannvirki einnig kannað. Samtals fundust 24 fornleifar sem teljast innan áhrifasvæðis virkjunarinnar. Fornleifavernd ríkisins mun veita umsögn um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir.

Efnisorð: Búlandsvirkjun, Skaftá, Búland, Búlandssel, Svartinúpur, Ljótarstaðir, Fjallabaksleið nyrðri, Syðri-Ófæra, Skaftá, Þorvaldsaurar, Skaftárhreppur, deiliskráning, fornleifar.

EFNISYFIRLIT

HELSTU NIÐURSTÖÐUR..... 7

1. INNGANGUR..... 9

2. FORNLEIFASKRÁ..... 11

3. SVÆÐISSKIPT UMFJÖLLUN..... 39

4. NIÐURSTÖÐUR..... 45

HEIMILDASKRÁ..... 49

VIÐAUKI 1: HNITASKRÁ Í LANDSHNITAKERFI (ISN93)

VIÐAUKI 2: KORT

Kort 1: Yfirlitsmynd
Kort 2: Svæði 1
Kort 3: Svæði 2
Kort 4: Svæði 2
Kort 5: Svæði 3
Kort 6: Svæði 4
Kort 7: Svæði 5 og 6
Kort 8: Svæði 7

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Tekin voru út sjö svæði þar sem framkvæmdir verða í tengslum við Búlandsvirkjun. Tekið var út 50 m breitt helgunarsvæði í kringum vegi og mannvirki önnur en lónstæði, haugsvæði og efnistökusvæði.

- Samtals fundust 24 fornleifar sem teljast innan áhrifasvæðis virkjunarinnar þar af voru 11 innan framkvæmdasvæða að hluta eða öllu leyti og 13 utan þeirra en innan 50 m áhrifasvæðis.

- Fornleifar fundust á öllum svæðum, fæstar á *svæði 6* (ein fornleif) og flestar á *svæði 5* (sex fornleifar).

- Í mörgum tilfellum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska fornleifum utan framkvæmdasvæða þó að þær séu innan 50 m áhrifasvæðis. Af þeim fornleifum sem skráðar voru teljast 15 fornleifar í stórhættu: SF-179:031, SF-179:034, SF-179:035, SF-179:037, SF-180:016, SF-180:020, SF-180:022, SF-180:024, SF-180:025, SF-181:009, SF-181:012, SF-181:016, SF-641:004, SF-641:005, SF-663:008.


- Fornleifavernd ríkisins mun veita umsögn um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir.

1. INNGANGUR

Á vordögum gerðu Suðurorka og Fornleifastofnun Íslands ses með sér samning um að síðarnefnda stofnunin ynni deiliskráningu fornleifa innan áhrifasvæðis Búlandsvirkjunar í Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Markmið úttektarinnar var að kanna umfang og eðli minja sem kynnu að vera í hættu vegna mögulegra framkvæmda við Búlandsvirkjun. Skráningin var unnin af fornleifafræðingunum Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Kristborgu Þórsdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur Beck. Hún fór að stærstu leyti fram í septembermánuði 2012 en einnig var farið í stutta heimsókn á svæðið síðla í október sama ár. Áður hafði Ragnheiður Gló Gylfadóttir unnið að heimildasöfnun og svæðisskráningu. Kristborg og Elín sáu um úrvinnslu og kortagerð.

Áhrifasvæði virkjunarinnar er innan landamerkja tveggja jarða sem enn eru í byggð, þ.e. Búlands og Ljótarstaða, en það nær einnig um það landsvæði sem áður tilheyrði Búlandsseli og Svartanúp en báðir bæir fóru í eyði snemma á 20. öld. Að auki er nyrsti hluti framkvæmdanna á Skaftártunguafrétti.

Fyrirhuguð Búlandsvirkjun er allt að 150 MW vatnsaflsvirkjun. Helstu mannvirki framkvæmdanna verða ofan við byggðina í Skaftártungum en sjálf lónin og mannvirki við þau á og í nágrenni Þorvaldsáraura og við Rótarhólma. Í skýrslunni hér á eftir verður áhrifasvæði virkjunarinnar skipt upp í minni svæði til þess að einfalda umfjöllun um þau. Við vettvangsvinnu og skýrslugerð var stuðst við kort og upplýsingar í matsáætlun fyrir framkvæmdirnar sem Suðurorka og Mannvit unnu og kom út sumarið 2012 og jafnframt tölvutæk kortagögn sem send voru í lok júní sama ár.[1] Í skýrslunni sem hér fylgir á eftir er fyrst gerð grein fyrir öllum þeim fornleifum sem fundust á áhrifasvæði virkjunarinnar (sjá 2. kafli: Fornleifaskrá) en því næst fylgir svæðisskipt umfjöllun þar sem fjallað er um hvert svæði fyrir sig og hvaða fornleifar eru í



Kort sem sýnir gróflega staðsetningu úttektarsvæðis (kort fengið af vef Landmælinga Íslands www.lmi.is).

[1] Allt að 150 MV Búlandsvirkjun í Skaftártungu: Mat á umhverfisáhrifum. Júlí 2012.

hættu á hvaða svæði (kafli 3). Þar á eftir fylgir niðurstöðukafli (4. kafli) en aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá ásamt kortum og hnitalistum.

Við vettvangskönnun var farið eftir lögbundinni skilgreiningu fornleifa. Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir m.a. að til fornleifa teljist hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafi gert eða mannaverk séu á svo sem:


a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

2. FORNLEIFASKRÁ

SF-179 Búland

SF-179:030 þúst hlutverk óþekkt 63°46.815N 18°29.296V

Óvenjuleg grjóthlaðin þúst eða grjóthrúga er um 650 m NNA við bæjarstæði Búlands og um 200 m vestan og ofan við bakka Skaftár. Þústin er um 40 m suðaustan við áætlað vegarstæði að frárennslisgöngum í Skaftá (vegur J9 - sjá umfjöllun um *svæði 7* og kort 8). Á þessu svæði er flatlendur mosagróinn melur, fast sunnan við





Ljósmynd: horft til norðvesturs.

djúpan gilskorning. Mikið er um rofabörð á svæðinu austan og ofan við hrúguna. Lítið sem ekkert líkt stórt grjót sjáanlegt á svæðinu nema um 10 m suðaustar á melnum.

Grjótið á þessum stað virðist samandregið af mannahöndum en þó er ekki hægt að útiloka að um náttúrumyndun að ræða. Þústin er um 5 x 4 m stór og <0,2 m há. Hún er sporöskjulaga og snýr norðvestur-suðaustur. Bakkar þústarinnar eru mosagrónir, 0,5-1 m breiðir og <0,2 m háir en miðja þústarinnar er ógróin grjótdreif í dæld sem er um 0,2 m á dýpt og um 3x2 m að innanmáli. Enginn greinilegur inngangur á þústinni en ekki er útilokað að á þessum stað hafi verið einhvers konar skýli sem nú er hrunið saman.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-179:031 gata leið 63°46.725N 18°28.620V

Greinilegar götur eru í norðan- og norðvestanverðum Kjóum, fast sunnan við Kjóalón og um 900 m ANA við Búlandsbæ. Kjóar eru þýft graslendi á vesturbakka Skaftár. Í austanverðum Kjóum er nú þverhníptur og hár rofinn árbakki þar sem Skaftáin er smám saman að rífa þá niður. Kjóar enda að norðan við Kjóalón. Þar er grasigróin brött brekka niður af Kjóunum ofan í lónið. Á þessu svæði er áætlað haugstæði og ná göturnar inn á það (haugstæði K6 - sjá umfjöllun um *svæði 7* og kort 8).

Í norðurenda Kjóanna koma göturnar fyrst í ljós, upp frá Skaftá ofan og sunnan við Kjóalón. Samkvæmt Sigurði Péturssyni bónda á Búlandi var áður vað 032 á þessum stað sem lá gróflega ANA-VSV yfir Skaftá. Götunum var fylgt á um 250 m kafla og liggja þær í mjúkum boga í SSV niður í gróið gil milli Kjóa og Múlaskers en þar verða þær óskýrar á ný. Áður en komið er efst upp á Kjóana skiptist leiðin í tvennt en sameinast þó aftur um 200 m suðvestar þegar komið er niður í gilið norðaustan við Múlasker. Í norðaustari kvíslinni eru 5-11 slóðar hlið við hlið á meðan í suðvestari kvíslinni eru 1-6 slóðar. Litlu slóðarnir eru 0,2-0,4 m á breidd og <0,4 m djúpir. Í suðvestari kvíslinni sameinast allir sex slóðarnir í einn sem er þar 0,5-1 m breiður og <0,5 m djúpur í norðaustanverðri brekkunni í Kjóunum ofan við Kjóalón. Norðaustan við þessa rás sameinast allar göturnar áður en þær hverfa niður í lónið. Ekki er ólíklegt að leið þessi hafi legið áfram í gilinu í suður niður með ánni og/eða beygt fljótlega í vestur heim að Búlandi.



Göturnar, horft til NNA

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-179:034 gryfja mógrafir 63°47.358N 18°30.323V

Mógrafir eru um 1,7 km norðan við íbúðarhúsið í Búlandi og neðst í Mosholtsmýri. Grafirnar eru innan áhrifasvæðis Búlandsvirkjunar, í jaðri haugsvæðis sem ráðgert er á þessum slóðum (haugstæði K5 - sjá umfjöllun um *svæði 6* og kort 7). Mógrafir A eru suðaustast innan haugsvæðis en mógrafir B eru fast utan þess. Grafirnar eru nú grónar og óljósar. Nyrðri gröfin er þó skýrari. Mýrin ofan (vestan) við er grasgefin en austar tekur við gróið gil.




Mógrafir A, horft til norðvesturs

Mór hefur líklega verið tekinn á a.m.k. tveimur stöðum í jaðri Mosholtsmýrar, allra austast og tekur gil við austan við þær. Grafirnar eru á svæði sem er um 60 x 20 m stórt og snýr NNV-SSA. Syðri grafirnar B, eru um 22 m langar en á bilinu 6-10 m breiðar. Þær eru um 1 m á dýpt, með ávalar brúnir og algrónar grasi og víði. Grafirnar eru þurrar. Um 25 m NNA er svo skýrari grafir, A. Þær eru 11 x 16 m stórar og snúa norðaustur-suðvestur. Til austurs af þeim er dæld og má vera að grafirnar hafi náð lengra til austurs. Austan við dældina tekur svo við nokkurt þverhnípi niður í gilið og rennur lækjarsytra niður þær og ofan í gilið. Grafir A eru 0,5-1 m á dýpt og grasi grónar, deigar en ekki blautar. Báðar grafirnar eru fremur illgreinilegar og vel má vera að mór hafi verið tekinn víðar í gilinu þó að erfitt sé að dæma um það nú.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-179:035 tóft hlutverk óþekkt 63°46.282N 18°29.593V

Ógreinileg tóft er í brekku fast sunnan við fóðurkálsrækt og norðan við akveg Fjallabaksleiðar nyrðri þar sem hún liggur frá vegi heim að Búlandi. Fast sunnan við tóftina er renna sem liggur til suðurs og sést beggja vegna við bílveg á Fjallabaksleið nyrðri. Í brekkunni sunnan við fóðurkálsræktina er grasi gróið og allbratt og í henni virðist hafa orðið rask af einhverju tagi, líklega af völdum vatnsaga en hefur gróið aftur. Sunnan við Fjallabaksleið nyrðri er aflíðandi halli til austurs, sléttlent og harðlent. Minjarnar eru í hættu vegna mögulegrar uppbyggingar Fjallabaksleiðar (vegur J1 – sjá nánar umfjöllun um *svæði 5* og kort 7).



Minjarnar sjást á svæði sem er um 125x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Nyrst á svæðinu er tóft A sem er að hluta gróin inn í brekkuna en hlaðinn veggur er meðfram austur-langhlið. Tóftin er einföld, um 2x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur á norðurgafli tóftar þar sem líklega var op inn í tóftina en þar er lágur kantur. Þetta er hins vegar orðið óljóst vegna rofs. Veggjahleðslur eru grónar, líklega úr torfi og grjóti og mesta hleðsluhæð er um 1 m. Þetta virðast vera unglegar minjar og hefur hér líklega verið einhvers konar útihús en nákvæmt hlutverk er ekki þekkt. Þó má geta að Sigurður Pétursson heimildamaður man eftir að hafa heyrt sögur um vinnumann á Búlandi, Þorlák að nafni sem átti að hafa átt lítinn kofa sem hann hafðist við á þessum slóðum. Samkvæmt sögunni átti presturinn á Ásum að hafa kosið að gista þar þegar hann messaði í Búlandskirkju og olli það nokkurri úlfúð. Til gamans má benda á að túnið, skammt frá og vestan við Fjallabaksleið heitir Lákatorfa og kann að vera kennd við sama Þorlák. Fast sunnan við suðausturhorn tóftarinnar er renna B sem sést beggja vegna við bílveg á Fjallabaksleið nyrðri og endar við allbratt gil í suðri. Rennan sést á um 115 m löngum kafla og snýr nálega norður-suður en sést ekki þar sem Fjallabaksleið liggur nú (en þar er eyða í hana á um 24 m löngum kafla). Rennan er mjög greinileg sunnan við Fjallabaksleið en þar er hún 0,5-1 m á breidd að innanmáli og dýpst um 0,2 m. Uppkastinu úr rennunni hefur verið hlaðið á vesturbrúnina og er

hæst um 0,3 m. Með rennunni er brúnin sem myndast hefur í landslaginu um 0,5 m á hæð. Mannvirkið er allt gróið en aldur þess er ekki þekktur. Hlutverk mannvirkisins er ekki ljóst en líklegt er að það hafi verið gert til þess að afmarka svæði og getur verið að girðing hafi verið á brúninni.



Tóft A á mynd til vinstri (horft til SSV) og tóft A og renna B á mynd til hægri (horft til norðurs)

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-179:036 þúst hlutverk óþekkt 63°46.715N 18°31.090V

Grjótþúst sést 50 m austan við Fjallabaksleið nyrðri, um 110 m norðan við leið 037. Þústin er í lægð milli hæða á uppblásnu svæði sem tekið er að gróa að nýju. Þústin er í jaðri áhrifasvæðis vegna uppbyggingar Fjallabaksleiðar (leið J1 - sjá umfjöllun um *svæði 5* og kort 7).



Þústin, horft til norðausturs

Þústin er um 1,2x1 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er um 0,4 m á hæð. Í henni er fremur smáir steinar úr grágrýti og eru þeir ekki skófum vaxnir. Ekki virðist hafa verið hleðsla í þústinni og er fremur eins og grjótinu hafa verið hrúgað saman á þessum stað í óljósum tilgangi. Ólíklegt er að hér sé um vörðu að ræða vegna þess hversu lágt þústin er í landinu og sést illa úr fjarlægð. Um 55 m og 75 m norðaustan við þústina eru tvær óverulegar vörðunibbur en þær eru

báðar langt utan við það svæði sem tekið var út vegna uppbyggingar Fjallabaksleiðar nyrðri og því ekki lýst frekar hér.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-179:037 gata leið 63°46.656N 18°30.944V



Leiðin þar sem hún er hvað greinilegust, horft til vesturs

Götur sjást beggja vegna við akveg á Fjallabaksleið nyrðri um 1,4 km norðvestan við tóft 035A. Göturnar liggja norðan í lágu felli austan við Fjallabaksleið nyrðri og áfram til vesturs á flatlendi vestan við veginn. Þær eru í hættu vegna áætlaðrar uppbyggingar á Fjallabaksleið (vegur J1 - sjá umfjöllun um *svæði 5* og kort 7).

Götunum var fylgt á um 220 m löngum kafla þar sem þær liggja nálega austur-vestur. Við austurenda svæðisins greinast göturnar og liggja annars vegar til norðausturs og hins vegar til suðausturs. Í vesturenda hverfa göturnar við jarðvegsrof og var hennar ekki leitað utan þess. Þar sem leiðin var skoðuð sjást 2-5 götur saman á svæði sem er 1-5 m á breidd. Sumar þeirra eru grónar en aðrar eru ógrónar og virðast vera farnar af sauðfé. Göturnar eru 0,2-0,4 m að breidd innanmáls og 0,1-0,3 m á dýpt. Göturnar eru það margar saman að ólíklegt verður að teljast að hér sé eingöngu um kindagötur að ræða en það er ekki útilokað. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru. Ein djúp gata liggur til suðausturs frá vesturenda þess svæðis sem leiðin var skoðuð á. Líklega er það fjárgata.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-179:038 garðlag hlutverk óþekkt 63°46.293N 18°29.620V

Óljóst, grasi gróið garðlag er merkjanlegt tæpum 20 m norðvestan við tóft 035A og um 30 m frá Fjallabaksleið eins og hún liggur nú (2012) og er það í hættu vegna áætlaðrar uppbyggingu

vegarins (vegur J1 - sjá umfjöllun um *svæði 5* og kort 7). Í brekkurótum sem hallar til norðausturs að grænfóðursrækt. Til norðvesturs endar garðlagið við stórt gil. Mögulegt er að þar hafi það beygt með túninu til norðausturs en þar er nú hryggur. Hryggur eða torfhaugur er einnig yfir gilið í framhaldi af garðlaginu en ekki sést greinilegt framhald norðan gils.



Garðlagið, horft til NNV

Garðlagið er grasi gróið. Það var samtals rakið á um 60 m kafla og er syðsti hluti þess um 30 m austan við Fjallabaksleið en þar sem hætt var að rekja það til norðurs var það rúmlega 60 m frá veginum. Garðlagið snýr norðvestur-suðaustur og er mest um 1 m á breidd en víða mjórra. Hæð garðlagsins er mest 0,7 m og norðausturbrún þess er mun greinilegri en suðvesturbrúnin sem fellur víða inn í brekkuna. Ekki er vitað í hvaða tilgangi garðlagið var hlaðið en ekki er ólíklegt að það hafi girt af tún.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-180 Búlandssel

SF-180:016 varða hlutverk óþekkt 63°48.229N 18°36.140V

Tvær óverulegar vörður eru norðvestan í Réttarfelli en norðaustan við Rásgljúfur. Þær eru nálega til móts við tungu þá er afmarkast af Þorvaldsá að norðaustan, Þvergljúfursá að suðvestan og Tungufljóti að suðaustan. Syðri varðan, A er 15-20 m ofan við lónstæði miðlunarlóns á Þorvaldsáraurum en varða B er í lónstæðinu (lón E1 - sjá umfjöllun um *svæði 3* og kort 5). Vörðurnar eru báðar óverulegar en þó er greinilegt að í báðum tilfellum hafa steinar verið settir saman af mannahöndum. Greinilegri varðan, A, er sunnar. Hún er á uppblásnum melhól en í kring er annars mosaþemba. Varðan samanstendur af einum stórum steini og um 8 litlum. Smágrýti er í hólnum en steinarnir í vörðunni eru stærri og greinilega aðkomnir. Steinarnir eru ekki sérstaklega fornlegir en svolítill mosagróður er í kringum vörðuna. Svæðið er rúmlega 1 m á

lengd en 0,8 m á breidd en varðan er ekki upphlaðin heldur aðeins steinadreif á jörðinni. Varðan B er um 50 m norðan við vörðu A. Hún er enn óverulegri en varða A. Varðan er í raun aðeins óverulegur samtíningur af grjóti og samanstendur af tveimur stórum steinum og þremur smærri ofan á. Lengd er 1,4 m og breidd 0,7-0,8 m og snýr norðvestur-suðaustur. Steinarnir eru vaxnir skófum og mosa. Frá vörðunum er góð yfirsýn yfir tunguna á móti og til norðausturs og austurs.



Varða A á mynd til vinstri (horft til norðausturs) en varða B á mynd til hægri (horft til norðurs)

Ekki er ljóst í hvaða tilgangi steinar hafa verið settir saman á þessum stað en mögulegt að vörðurnar tengist slóða 025 sem er greinilegur sem tveir paldrar á milli varðanna en er víða greinilegri á þessum slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:020 hleðsla hlutverk óþekkt 63°48.083N 18°36.164V

Nokkuð stöndug grjóthleðsla, sem þó er líklegast aðeins girðingaundirstaða, er um 340 m austan við Tungufljót og 300-350 m ANA við ráðgerða stíflu í Rásgljúfrum. Hún er þar sem ráðgert er að vegarslóði liggi að stíflu (vegur J4 - sjá umfjöllun um *svæði 4* og kort 6). Hleðslan liggur yfir hól þar sem á er stór klettur. Hóllinn er mosagróinn og miklar mosaþembur eru allt í kring. Umhverfis eru talsverðar hæðir og dældir. Í halla til norðvesturs.

Hleðslan er samtals um 50 m löng. Frá suðri liggur hún rúma 20 m til norðausturs en beygir þá og liggur áfram í rúmlega 20 m beint til norðurs. Hún er hlaðin úr stóru grjóti og í henni sjást mest 3 umför af hleðslu.




Hleðsla. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til suðvesturs á mynd til hægri

Hleðslan er mest 0,6-0,8 m breið en 0,5 m há. Gera má ráð fyrir að girðing hafi verið á þessum slóðum eftir hlíðinni endilangri en lítil ummerki sjást um grjóthleðslu nema á þessum kafla. Skammt frá þeim stað þar sem hleðslan endar til norðurs liggur upprúllað girðinganet. Hleðslan er ógróin og er líkleg ekki mjög forn en ber með sér að hafa verið talsvert þrekvirki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:021 hleðsla hlutverk óþekkt 63°48.013N 18°36.156V

Grjóthleðsla er um 5 m vestan við götur 025 og 350-400 m vestan við Rásgil. Hleðslan er tæplega 50 m austan við ráðgert vegarstæði að stíflunni við Rásgil og í hættu af þeim sökum (vegur J4 -



Hleðsla 180:021 á þokudegi

sjá umfjöllun um *svæði 4* og kort 6).
Hleðslan er í vesturhlíðum Réttarfells. Umhverfis er mosaþemba vaxin grasi eða lyngi á stöku stað.

Hleðslan er ferhyrnd og um 1,5 m á kant. Hún er aðallega samsett úr mjög stóru grjóti en ekki eru nema 15 steinar í mannvirkinu sem er um 0,5 m hátt. Ofan á hleðslunni er ein stór steinhella og myndar hún op eða gat á hleðsluna á einum stað. Ekki er hægt að útiloka að smíði þessi hafi fremur verið lítið skýli en varða. Ekki er líklegt að fé hafi verið haldið á beit á þessum slóðum og því er smalabyrgi e.t.v. ekki líklegur kostur en hafi hleðslan einvörðungu verið reist sem varða þá er hún óvenju vegleg.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-180:022 þúst hlutverk óþekkt 63°48.333N 18°36.388V
Mosaþúst þar sem mögulegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði er um 6,5 km norðvestan við Búlandsbæ, austarlega á Skeiðstanga. Þústin er tæpum 60 m norðaustan við Þvergljúfursá en tæplega 100 m suðvestan við þar sem Þorvaldsá rennur austan við Skeiðstanga. Þústin er innan lónstæðis á Þorvaldsaurum (lón E1 - sjá umfjöllun um *svæði 3* og kort 5). Á tanga sem er vaxinn mosaþembu. Mosinn er þýfður en gróðurþekjan virðist nokkuð viðkvæm.

Í mosaþembunni rís greinileg hæð sem er 16 x 9 m stór og snýr NNV-SSA. Hún nær um



Þústin. Á mynd til vinstri má sjá þústina þar sem hún rís úr mosaþembunni (horft til suðvesturs) á mynd til hægri er horft til SSA

0,5 m upp úr mosaþembu og er rústarleg á að líta úr fjarska en gróðurfarið minnir lítið á dæmigerðar þústir. Enga dæld er að sjá ofan á þústinni og í raun er vel er mögulegt að þústin sé náttúruleg. Hún var þó látin njóta vafans og skráð enda er hún á því svæði sem kemur til með að

hverfa undir lón.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:023 varða hlutverk óþekkt 63°48.505N 18°34.968V

Hrunin og skófum vaxin varða er um 100 m sunnan við vörðu 024A og er um 20 m frá



Varðan. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en á hægri til austurs.

hliðarstíflu og er í hættu af þeim sökum (stífla F - sjá umfjöllun um *svæði 4* og kort 6). Á mosavöxnum hól en jarðvegsþekja á þessum slóðum er þunn og viðkvæm.

Varðan er 0,8-1 m í þvermál og samanstendur af klöpp í botninn og 8-10 steinum ofan á. Ekki er hægt að tala um hleðslu en steinarnir eru um 0,3 m á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi steinar voru settir saman á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-180:024 varða hlutverk óþekkt 63°48.556N 18°34.985V

Fimm óverulegar vörður eru við Fjallabaksleið - nálægt þeim stað þar sem óverulegur slóði liggur frá henni til vesturs. Allar vörðurnar eru innan áhrifasvæðis hliðarstíflu og áhrifasvæðis vegabóta á Fjallabaksleið nyrðri (hliðarstífla F og vegur J3 - sjá umfjöllun um *svæði 3-4* og kort 4). Mosavaxið hólasvæði við Fjallabaksleið. Norðvestan við vörðurnar er svolítill uppblástur.

Hér eru vörðurnar/vörðubrotin fimm skráð saman. Þær eru á svæði sem er um 60x20 og snýr norðaustur-suðvestur. Austasta varðan, C, er fast austan við Fjallabaksleið austan við merki Svartanúps og tilheyrir þeirri jörð. Hún er ofan á stórum steini og er um 1,4 m há með steininum

en sjálft vörðubrotið er aðeins 0,3 m af því. Hún er óvandlega hlaðin og virðist nýleg enda eru engar skófir á steinum eða mosi í hleðslunni. Varðan var skráð í septemberbyrjun en þegar komið var aftur á svæðið í október hafði hún verið rifin.Varða B er tæpum 50 m VSV við vörðu C. Hún er í austurhlið mosavaxins hóls. Varða B er einnig fremur óveruleg. Hún samanstendur af tveimur mjög stórum steinum sem mynda háa strýtu og nokkrum minni steinum ofan á. Sjálf strýtan er



Vörður A og B. Á mynd lengst til vinstri er horft til vesturs, á miðjumynd er varða A (horft til norðausturs) og á mynd lengst til hægri er varða B (horft til SSV)

um 0,8 m há en ofan á eru 2-3 stórir steinar og fullt af smælki. Samtals er því varðan 1,4 m há. Hún er 0,6-0,8 m í þvermál og er illa hlaðin. Efst í hólnum sem varða B er utan í honum rís klettahella sem er 1,5 m á hæð en um 0,2 m á breidd. Þar sem hún endar eru örfáir steinar og 1 m ofan við enda hennar, á há hólnum er varða A. Hún er innan við 15 m vestan við vörðu B. Varða D er 22 m sunnan við vörðu C, fast vestan við Fjallabaksleið. Hún er afar smá og lítilfjörleg, er um 0,4 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Í henni eru smáir steinar og ekki um hleðslu að ræða. Varða E er um 4 m SSV við vörðu D. Þar er í raun aðeins um að ræða nokkra steina sem settir hafa verið á jarðfasta klöpp. Að klöppinni meðtalinni er varðan 0,5 m á hæð og 0,7x0,5 m að stærð, snýr ASA-VNV. Varða A er sú verulegasta af vörðunum fimm. Hún er 0,8 x 0,6 m að stærð og 1 m á hæð ef kletturinn undir er talinn með. Sjálf hleðslan er hins vegar aðeins 0,3 m á hæð og 0,8 m í þvermál. Í botni vörðunnar virðist grjótið nokkuð gróið en talsvert er af grjóti ofar sem virðist nýlega sett þangað. Það má því vera að varðan sé eldri í grunninn en hafi verið haldið við. Grjótrönd eða dreif gengur frá henni til vesturs, niður hólinn í 2-3 m. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:025 gata leið 63°48.065N 18°36.171V

Talsverðir götuslóðar eru vestanvert í Réttarfelli. Svo virðist sem leiðin um svæðið hafi verið nokkuð ómótuð enda dreifast göturnar talsvert um hlíðina. Víða sjást stakir slóðar eða 2-3 paldrar saman sem greinast og spinnast saman sitt á hvað. Þar sem best lætur eru 5-6 götur samsíða en víða má vart á milli sjá hvort paldrar eru einvörðungu kindaslóðar eða eiginlegar götur. Suður- og austurhluti gatnanna er innan lónstæðis á Þorvaldsaurum (lón E1 - sjá umfjöllun um *svæði 3* og kort 5). Göturnar eru best greinilegar í vesturhlíðum Réttarfells en hafa líklega legið áfram til bæði suðurs (ekki raktar lengra en að áætlaðri stíflu við Rásgljúfur) og norðvesturs þar sem erfitt er að fylgja þeim. Umhverfis er mosaþemba vaxin grasi eða lyngi á stöku stað.

Göturnar sjást best í vesturhlið Réttarfells á tæplega 1 km kafla. Hætt var að rekja þær til móts við stífluna í Rásgljúfrum. Göturnar hafa án efa einnig verið norðan í fellinu en þar eru þær minna afgerandi. Á stuttum köflum í vesturhlíðinni eru göturnar greinilegar sem margir, samsíða paldrar, allt að 5-6 slóðar þar sem mest er. Víðast eru göturnar þó ógreinilegri víðast sjást bara 1-3 slóðar og oft erfitt að greina á milli þeirra og kindagatna sem eru fjölmargar á þessum slóðum enda markast þær mjög auðveldlega í viðkvæman mosagróðurinn. Ekki er vitað á hvaða leið þessar götur eru en þær liggja fram hjá tveimur vörðum 016A og 016B, garðlagi 020 og hleðslu 021.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:026 þúst hlutverk óþekkt 63°48.146N 18°33.567V

Grjótdreif er á klöpp um 48 m suðaustan við vörðu SF-641:004Z4 og um 40 m norðaustan við Fjallabaksleið nyrðri og telst í hættu vegna ráðgerðrar uppbyggingar vegarins (vegur J1 - sjá umfjöllun um *svæði 5* og kort 7). Grjótdreifin er á og við litla og lága klöpp í láglendu mólendi suðaustan undir Réttarfelli. Norðvestan við klöppina er um 3 m breið gróf sem gæti verið gamla reiðleiðin á Fjallabaksleið nyrðri eða gamall ruddur vegur á sömu leið.

Mögulega er grjótdreifin leifar af vörðu sem hefur þá líklega varðað Fjallabaksleið. Grjótið er hinsvegar mjög dreift og um fáa steina er að ræða svo það er óvíst að hér hafi verið varða en grjótið er örugglega dregið saman af mannshönd og er því skráð. Grjótdreifin er á svæði sem er um 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur eins og klöppin. Sumir steinarnir eru ógrónir og ekki skófum vaxnir. Klöppin sjálf er um 0,5 m að stærð en ekki stendur steinn yfir steini. Á miðri klöppinn er lítill gúmmítittur sem hefur verið negldur eða boraður ofan í hana. Óvíst er í hvaða tilgangi það hefur verið gert en mögulega í tengslum við einhvers konar mælingar.



Grjótdreifin, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-181 Svartinúpur


SF-181:009 tóft rétt 63°48.757N 18°35.061V

Réttartóft er um 2,3 km sunnan við meinta tóft 011 og um 1,1 km sunnan við vörðu 010. Hún er um 50 m VSV við Fjallabaksleið nyrðri, þar sem hún liggur nú (2012). Samkvæmt áætlun mun helmingur réttarinnar lenda undir lónstæði og er hún í stórhættu af þeim sökum (lón E1 - sjá umfjöllun um *svæði 3* og kort 5). Réttin er í mosavöxnum vesturhlíðum Núpsheiðar, litlu norðan við Réttarfell.



Réttin. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en á mynd til hægri er horft suðausturs

Tóftin er tvískipt, um 50x45 m að stærð. Hún snýr suðaustur-norðvestur og mjókkar lítillega til norðvesturs. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en á norðvesturhlið hennar er aðeins einföld grjótröð, engin hleðsla. Hleðslugrjótið er úr móbergi og meðfram tóftinni utanverðri má sjá hvar torfið í hleðsluna hefur verið rist. Mesta hleðsluhæð er víðast um 0,8 m en hæstar eru hleðslurnar 1,2 m í vesturhorni réttarinnar og mest sjást 4 umför hleðslu. Aðalhólfið er um 48x43 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því á miðjum suðvesturvegg. Í vesturhorni tóftarinnar er lítið hólf sem er um 3x4 m að innanmáli og eru dyr á því til suðausturs. Norðurhorn réttarinnar er hlaðið upp í aflíðandi brekku.




Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-181:011 tóft hlutverk óþekkt 63°49.990N 18°35.573V

Ógreinileg tóft er í vesturhlíðum Núpsheiðar innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis vegna Búlandsvirkjunar (efnistökusvæði L2 - sjá umfjöllun um *svæði 3* og kort 5). Tóftin er í mosagróinni hlíð, allbrattri til vesturs, og eru grónir gilskorningar sunnan við hana.

Tóftin er sporöskjulaga og einföld, um 13x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er líklega torfhlaðin. Ekki sést greinilegt op á henni en veggir eru lægstir í suðausturhorni þar sem





Tóftin sést á miðri mynd. Horft til vesturs

kann að hafa verið op. Veggir tóftarinnar eru útflattir, um 0,2 m á hæð og 2-4 m á breidd. Veggir tóftar eru mosavaxnir en innan hennar vex lynggróður. Tóftin er í halla mót vestri. Hlutverk hennar er ekki þekkt og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða þótt hún virðist helst til of regluleg til þess.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-181:012 gata leið 63°52.009N 18°34.185V

Götur liggja til suðurs frá núverandi Fjallabaksleið nyrðri, um 75 m suðvestan við vörðu 015. Leiðin er innan áætlaðs efnistökusvæðis vegna Búlandsvirkjunar (efnistökusvæði L1 og vegur J3 - sjá umfjöllun um *svæði 2* og kort 3). Göturnar liggja um lyngmóa, mosabreiður og mela norðan við Kálfasléttur.

Þar sem leiðin var skoðuð voru mest 9 götur saman á um 6 m breiðu svæði. Leiðinni var



Göturnar. Á mynd til vinstri er horft til NNV og á mynd til hægri SSV

fylgt á um 1 km löngum kafla og liggur hún nálega norður-suður. Göturnar eru grónar og fremur grunnar, 0,1-0,4 m á dýpt og breidd að innanmáli. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru en þær virðast hverfa í norðri undir núverandi malarveg á Fjallabaksleið nyrðri og er líklegt að hún hafi legið frá/á þá leið. Í suðri hefur leiðin líklega tengst eldri Fjallabaksleið nyrðri 641:004 á eða nálægt Kálfasléttum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-181:013 varða samgöngubót 63°51.840N 18°34.823V



Varða 181:013. Á mynd til vinstri er horft til SSA og mynd til SSV á mynd til hægri

Vörðubrot er um 90 m suðvestan við þúst 014 og um 200 m norðaustan við vörðu 641:004D. Varðan er innan við 10 m suðaustan við ætlaðan jaðar haugsvæðis við aðgöng á veitugöngum og telst í hættu af þeim sökum (haugsvæði K1 - sjá umfjöllun um *svæði 2* og kort 3). Varðan er á

brekkubrún sem hallar til norðvesturs. Þetta er uppblásið og gróðurlítið svæði.

Varðan er úr móbergi, um 1,5x1 m að grunnfleti, snýr suðvestur-norðaustur. Hún er um 0,3 m á hæð og sjást 3 umför. Varðan er að öllum líkindum samgöngubót og tengist líklega Fjallabaksleið nyrðri eða leið sem liggur að/frá henni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-181:015 varða samgöngubót 63°52.142N 18°34.044V

Vörðubrot er um 75 m norðaustan við leið 012, um 760 m norðaustan við þúst 014 og um 50 m suðaustan við núverandi Fjallabaksleið nyrðri og telst því innan áhrifasvæðis vegna uppbyggingar vegarins á þessu svæði (vegur J3 - sjá umfjöllun um *svæði 2* og kort 3). Varðan er



Varða 181:015. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en á mynd til hægri til suðvesturs

á mosavaxinni hæð í heiðarlandi vestur af Skaftá.


Varðan er í grunnin hlaðin úr móbergi en einnig er í henni blágrýti sem virðist geta verið seinni tíma viðbót. Líklegt er að varðan sé hluti af leið 012. Hún er um 1 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Í vörðunni sjást 4 umför hleðslu. Steinar úr blágrýti liggja á dreif í kringum vörðuna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-181:016 tóftir hlutverk óþekkt 63°53.275N 18°35.391V

Rústaþyrping er á austurbakka Syðri Ófæru, tæplega 2,3 km SSA við Hólaskjól (Hálendismiðstöð). Tóftirnar eru um 60 m vestan við núverandi Fjallabaksleið, þar sem er lítill, grasi gróinn árbakki milli árinnar og hraunjaðars. Tóftirnar eru þar sem ráðgerðar eru framkvæmdir vegna stíflumannvirkja og hluti er innan lónstæðis (lón E3 og stíflumannvirki A-

sjá umfjöllun um *svæði 1* og kort 2). Á þessum slóðum eru þekkt örnefnin Fremri- og Innri Tólfahringar vestan við Syðri Ófæru og eru tóftirnar nálega til móts við þar sem Innri-Tólfahringar eru merktir inn á Herforingjaráðskort vestan ár. Tóftirnar eru flestar við og í hraunjaðri en hraunið er gróið mosa. Alveg við ána er flatur og grasi gróinn árbakki og liggur hann á nokkrum stöðum í einhvers konar vik eða dældir inn í hraunið. Grasbakkinn er víða aðeins 10-15 m en allra suðaustast á svæðinu er hann um 35 m breiður þar sem vik gengur inn í hraunið. Fyrir framan árbakkann taka við sendnar eyrar í ánni. Á þessum stað eru nokkrar, misgreinilegar þústir og tóftir. Þær eru meðfram árbakkanum og ná að hraunjaðri, á svæði sem er um 100 x 10-15 m stórt. Hraunið sem þarna er rann í lok 18. aldar í Skaftáreldum og ekki er ólíklegt að tóftirnar séu eldri. Greinilegasta tóftin, A, er um miðbik svæðisins. Hún er við hraunkambinn en norður, suður og vesturbrúnir hennar eru afgerandi. Hún er um



12 x 7 m stór og snýr NNV-SSA. Hólfaskipting tóftarinnar er svolítið óljós en það virðist þó mega skipta henni í tvennt, annars vegar í þrjú hólf í röð vestarlega í henni og svo fjórða hólfið að baki. Hólf I er skýrast og er það í suðvesturhorni tóftar. Það er um 2,5 x 1,5-2 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Ekki er greinilegt op á því. Norðan við hólf I er hólf II. Það er um 1,5 m í þvermál og virðist op hafa verið á vesturvegg þess, útvegg tóftar. Verið getur að annað op hafi verið frá hólfinu og til austurs, yfir í hólf III. Hólf III er afar óljóst og er markað af klettaveggjum að austan og sunnan en ógreinilegur hryggur markar það að vestan, þ.e. skilur á milli hólfs I og hólfs III. Hólfið er um 4 x 1,5 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Ekki eru önnur op á það en það sem hefur mögulega legið yfir í hólf II. Hólf IV er nyrst í tóftinni og 2-2,5 m norðan við hólf II. Það er um 1,5 x 1-1,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Klettaveggur markar af austurhlið hólfsins og er það sami klettaveggur og sveigir svo til suðausturs og myndar austurhlið hólfs III. Op kann að hafa verið á vesturvegg þess en það er þó óljóst. Engar grjóthleðslur sjást í tóft A. Hún er gróin og nokkuð sigin og hólfin vart meira en dokkir í upphleðsluna nú. Veggir eru víða signir og hæð veggja í innanverðum hólfum hvergi hærri en 0,3 m. Ytri veggjarbrún að vestan er hins vegar talsvert hærri eða allt að 1,5 m. 6-7 m NNV við tóft A er óljós tóft eða gerði, B. Gerði B er í hraunjaðri og hann myndar alveg austurhluta hennar. Tóftin er e.k. stallur sem stingur sér undan hraunkambinn og er á köflum mjög óskýr sérstaklega norðurhluti þar sem erfitt er að fylgja lögun hennar. Hún snýr NNV-SSA. Áætla má að hún nái yfir svæði sem er 26 m langt og er mest um 10 m breitt í norðurenda en aðeins um 5 m í suðurenda. Allra syðst á svæðinu er hólf (I) sem snýr h.u.b. austur-vestur og er 2-2,5 x 1,5 m að innanmáli og gæti hafa verið opið til vesturs. Í framhaldi af þessu hólfi til norðurs er þúst en um 3-4 m norðan við norðurbrún hólfs I má greina annað hólf eða gerði (II). Það er aflangt norður-suður og er á að giska 9-13 x 1,5 m að innanmáli en fjarar út til norðurs þannig að erfitt er að meta lengd þess. Op hefur verið á vesturvegg þessa hólfs, rétt sunnan við miðju. Engar grjóthleðslur sjást á þessu svæði og er tóftin algróin grasi. Vegir eru útflattir, víða um 2 m á breidd en mest 0,7 m á hæð, víðast hvar þó talsvert lægri. Frá suðausturhorni A um 5-6 m til suðausturs er dæld í hraunið sem virðist náttúruleg. Hún er ríflega 12 X 1-1,5 m að innanmáli. Klettar skaga inn í hana á nokkrum stöðum og hún skiptist í fjórar dokkir. Dældin er grasi gróin og klettar eru að sunnan og gróin klettahæð að norðan. Dældin snýr NNA-SSV og virðist að mestu náttúruleg en gæti hafa verið nýtt í tengslum við önnur mannvirki á svæðinu. Rúmlega 6 m sunnan við hana taka svo við frekari mannvirki, á því svæði þar sem undirlendi við

ánna eykst svolítið og er þar breiður, u-laga hvammur. Á þessu svæði eru nokkrar tóftir/dældir í norðurjaðri hvammsins, þar sem hraunkamburinn sveigir. Nyrst er tóft/hólf C. Það er byggt inn í hraunjaðarinn um 16 m sunnan við tóft A. Tóftin er talsvert niðurgrafin en utanmál hennar er gróflega áætlað 6 x 5 m. Innanmál er hins vegar 2,5 x 1,5 m og snýr tóftin h.u.b. austur-vestur. Op hefur verið á vesturvegg hennar syðst. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Um 1,5 m suðvestan við eða ofan við tóft C er dálítil dæld, D, í hraunjaðrinum. Dældin er sporöskjulaga og 1 x 0,5 m stór og snýr norður-suður. Ekki er um augljóst hólf að ræða en ekki er ólíklegt að mannaverk séu á dældinni. 2-3 m SSA við dæld D er lítið hólf E. Hólfið er í hraunjaðarinn og er 2 x 1,5 m að innanmáli. Hólf E er að mestu grafið inn í brekkuna en þó mótar fyrir veggjum að vestan og austan, mest 0,8 m að hæð.



Hluti af tóftum 181:016. Á mynd til vinstri sést tóft A en á mynd til hægri tóft/gerði B.
Á báðum myndum er horft til suðurs

Þessar meintu vegghleðslur gætu þó mögulega aðeins verið uppkastið innan úr tóftinni. Op virðist vera á tóftinni vestast á suðurvegg en hún opnast þar út í talsverðan hvamm í hraunbreiðuna sem nær frá árbakkanum. Fast sunnan við tóftina er mjög óljós þúst á flatanum F. Hún er 7 x 7 m stór og 0,1-0,2 m há. Mannvistarleifar gætu hæglega leynst undir sverði á þessum stað þó ekki sé fullvíst að mannaverk séu á þústinni. Í henni má aðallega greina vestur- og austurhlið sem mynda V-laga veggi. Ekki eru fleiri þústir í hvamminum en um 15 m sunnan við þúst F, þar sem hraunveggurinn markar af hvamminn til suðurs er hár hóll. Hóllinn er fagurgrænn, um 4 m að hæð og sker sig úr hrauninu. Ekki er ólíklegt að þar gætu leynst mannvistarleifar. Ofan á hólnum er flati, um 1,5-2 m í þvermál. Tóftir þessar eru áður óþekktar. Vel er mögulegt að þær séu eldri en hraunið og að fleiri tóftir hafi leynst þar sem hraunið er nú. Erfitt er því að geta sér til um hlutverk þeirra. Út frá því sem sjá má af tóftum nú (2012) væri þó

helst að giska á að þarna gæti hafa verið sel. Tóft B er innan miðlunarlóns (E3) og á stíflustæði (mannvirki A) og tóftir A og C eru einnig innan stíflustæðis (mannvirki A). Fornleifar D, E, F og G eru fast utan við ráðgert stíflustæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð

SF-641:004 *Fjallabaksvegur nyrðri* gata leið 63°50.997N 18°34.527V "Fjallabaksveg nyrðri eða Landmannaleið, er liggur norðan Heklu og Torfajökuls. [...] Þaðan [frá Landmannalaugum] er hæg tveggja daga ferð í Skaftártungur, [...]" segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1935 og þar segir á öðrum stað: "Á allri leiðinni eru vörður og staurar til vegarbeina [...] Leiðarmerkin eru tölusett frá austri til vesturs. Þau voru upphaflega 800, en nú eru sum fallin [...]". Í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1940 segir: "Nyrðri Fjallabaksleiðin liggur um Svartanúp, [...] og er tekin stefna í norðurátt upp heiðina, og nokkru síðar beygt til norðvesturs, um Kálfasléttur. Þá er tekin hánorður stefna, og farið vestan við Þorvaldstungur, og sömu stefnu haldið yfir Ófæru. Þaðan liggur liggur svo leiðin áfram upp Herðubreiðarháls, svo norðvestan Tindfjalla, þá norður Dalöldur, unz komið er í Jökuldali, [...] Þá er farið um sandfláka og yfir Námakvísl, og svo haldið eftir sléttum aurum, og komið á Landmannaafrétt,". "Fjallabaksleið liggur um Þorvaldstungur austast, síðan um Tólfhringasker að Hánípugili [...] Fjallabaksleið liggur yfir Ófæru neðan við hólana," segir í örnefnaskrá. "Allt að 39 samhliða götur á um 250 m bili, s. sunnan við Syðri-Ófæru og eru skornar af henni. Handan árinnar (norðan) er Skaftáreldahraun. Göturnar eru vestan við þar sem Fjallabaksvegur fer yfir Syðri Ófæru", segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags frá 1989. Bílvegurinn (Fjallabaksleið nyrðri) liggur á svipuðum slóðum og eldri leiðin gerði en þó nokkur vegsummerki sjást þó enn um eldri götur. Hluti af gömlu Fjallabaksleiðinni var skráður við úttekt fornleifa vegna fyrirhugaðrar virkjunar, Búlandsvirkjunar, í september og október 2012. Fyrirhugað er að endurbæta bílveginn á Fjallabaksleið nyrðri frá byggð við Búland og sem leið liggur yfir Slóðamýri og Réttarmýri, um Núpsheiði og Þorvaldsaura að inntaksmannvirkjum í Skaftá/Syðri Ófæru, alls um 15,5 km leið. Alls var tekið út 50 m belti beggja vegna við núverandi veg þannig að þau ummerki sem eru um eldri leið utan þess svæðis voru ekki skráð (vegur J1 og J3 - sjá umfjöllun um *svæði 2 og svæði 5* og kort 3-4 og 7).

Í skráningunni sem gerð var 2012 var hin forna Fjallabaksleið nyrðri skoðuð þar sem hún

liggur frá byggð við Búland, vestan við Hjartarfell, yfir Slóðamýri og Réttarmýri, um Núpsheiði, Kálfasléttur og áfram til norðurs, langleiðina að Syðri-Ófæru en gamla leiðin beygir upp á Bleikálusker og lá ekki yfir Syðri-Ófæru þar sem bílvegurinn liggur nú. Á svæðinu sem tekið var út 2012 liggur leiðin yfir mosaþembur, mýrlendi og svæði þar sem gróður og jarðvegur hefur horfið vegna rofs.

Sigurður Vigfússon fór Fjallabakveg 1885 og segir að þar sjáist "22 fornar götur að vestan þvert austr að Eldvatninu [þ.e. Syðri Ófæru] ... Skilorðr maðr hefir sagt mér, að aðrar götur liggi þvert austr frá því [þ.e. Skaftá]." Jón Jónsson kannaði staðinn 1985: "Götur þær, sem Sigurður Vigfússon getur um, eru enn mjög greinilegar. Þær liggja út frá Fjallabaksvegi nyrðra, og enda frammi á snarbröttum, 6-8 m háum bakka Syðri-Ófæru. Þær stefna sem næst beint í norður [eða aðeins austan við norður]. Okkur tókst að telja þar mest 39 götur. Ekki fer neitt milli mála að þessar götur eru eldri en gosið 1783, því þær liggja fram á það, sem nú eru algerar ógöngur og engin slóð er í hrauninu hinum megin árinnar." Snið sem tekið var í einn af götupöldrunum. Yfir þeim var Ö 1362 og grátt gjóskulag sem talið er vera frá miðri 13. öld (úr Sólheimajökli?) en C14 greining á þessu lagi gaf 870 +/- 80 BP eða 1170-1250 (UtC 527). Enn neðar en þó yfir götunum er svarta lagið sem Jón Jónsson telur vera úr Leiðólfsfelli frá fyrri hl. 12. aldar. Jón Jónsson telur að göturnar liggi til byggðarinnar á Tólfahringum sem farið hafi í eyði við gosið í Leiðólfsfelli á fyrri hl. 12 aldar. Á móti því mælir a) að engar minjar hafa fundist um þessa byggð og því óvíst hversu mikil hún hefur verið eða hvar nákvæmlega hún hefur verið b) að göturnar eru harla norðarlega á því svæði sem nú er kallað Tólfahringar og því jafnmikið á leið úr henni eins og til hennar c) þó göturnar hafi verið byrjaðar að verða til á fyrri hluta 12. aldar og yfir þær hafi lagst gjóskulag þá þýðir það ekki að þær hafi ekki verið notaðar síðar d) göturnar liggja samhliða Fjallabaksvegi og hafa sömu stefnu og er því eðlilegast að tengja þær við þá leið eins og hún var fyrir 1783 þegar Skaftárhraun breytti öllum aðstæðum í dalnum. Sá hluti leiðarinnar sem skoðaður var haustið 2012 nær frá suðurenda Núpsheiðar, yfir Kálfasléttur og að Bleikáluskeri, um 5 km á lengd. Enn sjást reiðgötur á köflum og fjöldi varða á leiðinni. Alls voru skráðar 18 vörður á úttektarsvæðinu. Víðast eru vörðurnar hlaðnar úr móbergi, eru 1,5-2 m í þvermál eða 1,5-2x1,5-2 m að grunnfleti. Þær eru flestar 0,4-0,8 m á hæð en hæsta varðan er 1,3 m á hæð og er líklegt að hún hafi verið endurhlaðin að hluta. Mest sjást 6 umför hleðslu í vörðunum. Lýsing á leiðinni hefst næst byggð. Fyrstu sýnilegu ummerki um reiðleiðina við akveginn eru um 2,9 km norðvestan við Búland SF-179. Þar sjást greinilegar götur á um 50



Mynd í vinstra horni að ofan, götur 004A sem Jón Jónsson rannsakaði og fjallaði um í grein í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1989(horft til NNV), Mynd í hægra horni að ofan, götur 004 C þar sem þær eru einna skýrastar á svæðinu sem kannað var (horft til norðvesturs). Mynd í vinstra horni að neðan, varða 004D (horft til norðausturs). Mynd í hægra horni að neðan varða 004M fast við akveg á Núpsheiði (horft til suðausturs)

m löngum kafla en ógreinilegri götur liggja áfram til suðurs á um 105 m löngum kafla. Ein varða er um 1,7 km norðvestan við göturnar en hún er fast austan við hluta leiðarinnar sem hefur verið ruddur og vestan við hana er um 3 m breið gróf þar sem reiðleiðin eða eldri ruddur vegur lá. Ekki sjást fleiri minjar um gömlu Fjallabaksleið við núverandi bílveg fyrr en á u.þ.b. miðri Núpsheiði en þá fara vörður og götur að sjást meðfram veginum. Þar sjást götur aðallega vestan við veginn en vörðurnar eru ýmist austan eða vestan við hann. Reiðgötur sjást á köflum uppi á heiðinni vestan við veginn en þær eru mjög skýrar þar sem leiðin liggur norður af Núpsheiði, niður á Kálfasléttur. Uppi á Núpsheiði er fremur stutt á milli varða, eða 100-160 m. Þegar komið er niður af heiðinni á Kálfasléttur sjást nánast engar vörður en þar er deiglent og langt að sækja grjót. Þar var þó skráð ein torfvarða. Hugsanlega gæti hér verið um náttúrumyndun að ræða en

þar sem hrúgan sem enn sést er nokkuð reglulega ferköntuð og um 2x2 m að flatarmáli þá var hún skráð sem varða. Hleðslur eru signar og hæð vörðu nú <0,5 m. Daufar leifar af um 6 götuslóðum sjást á þessu svæði fast norðvestan við vörðuna en þær eru að hverfa í mýri. Ógreinilegar götur sjást víðar á Kálfasléttum. Þegar komið er norður fyrir þær fjölgar vörðunum og eru þær með nokkuð reglulegu millibili á svæði sem er um 1,2 km á lengd. Á því svæði eru 100-250 m á milli varða og eru þær allar vestan við bílveg. Við norðvesturenda þess svæðis sem kannað var eru reiðgötur á leiðinni einna skýrastar þar sem þær liggja niður af hæðarbrún eftir mosavaxinni tungu á annars uppblásnu svæði suðaustan við Bleikálusker. Þar sjást 10 götur saman á um 12 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar, eru 0,2-0,5 m á breidd og 0,1-0,4 m á dýpt. Á þessum stað sjást göturnar á um 90 m löngum kafla en hverfa vegna jarðvegsrofs. Götur þær sem Jón Jónsson rannsakaði og fjallaði um í grein í Árbók Hins íslenzka forleifafélags 1989 sjást enn en þær eru að öllum líkindum hluti af Fjallabaksleiði nyrðri og sýna þær hvar leiðin lá fyrir eldsumbrotin 1783. Göturnar eru um 285 m norðaustan við vörðu B sem er nyrsta skráða varðan á úttektarsvæðinu. Á þessum slóðum fundust göturnar á um 95 m löngum kafla sem liggur nálega norður-suður. Göturnar halda áfram til norðurs. Um 20 götur sjást saman á svæði sem er um 20 m á breidd. Göturnar eru grónar og grunnar, um 0,1 m á dýpt og breidd innanmáls.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:ÁFÍ 1935, 5; Ö-Búlandsheiði og Skaftártunguafréttur, 2; Ár, 1892, 69; Árb 1940, 48-49; Árb 1989, 123-27

SF-641:005 *Bjarnagata* gata leið 63°50.042N 18°36.977V

Í Ferðabók Þorvalds Thoroddsen segir: "[...] og beint austur til Hólmsár, en frá henni liggur Bjarnagata niður að Búlandsseli." "...eftir gilinu [Tjaldgili] rennur Tjaldgilslækur í Tungufljót, norðan Bjarnagötu," segir í örnefnalýsingu Búlandsheiðar. Í örnefnaskrá Búlandssels segir ennfremur "Norður af Réttarfelli heitir Bjarnagötuháls,". Minjar um Bjarnagötu sjást á tveimur stöðum á fyrirhuguðu lónstæði Búlandsvirkjunar í landi Búlandssels SF-180 fast suðvestan við merki jarðarinnar á móti Svartagnúpi SF-181 (lón E1 - sjá umfjöllun um *svæði 3* og kort 5). Annars vegar sjást götur á Bjarnagötuhálsi á milli Réttarfells og Núpsheiðar og hins vegar sjást götur og varða norðvestan við Þorvaldsá á Þorvaldstungum. Göturnar á Bjarnagötuhálsi eru um 255 m sunnan við rétt 022. Göturnar sjást norðvestan og suðaustan við Þorvaldsáraura, í mosavöxnu heiðarlendi.

Á Bjarnagötuhálsi sést leiðin á um 115 m löngum kafla og liggur hún norðvestur-suðaustur. Alls sjást 10 götur saman á svæði sem er 8-10 m á breidd. Þær eru grónar, um 0,2 m á breidd og dýpt. Til norðvesturs hverfa þær þegar komið er inn á svæði þar sem mikið vatnsrof



Bjarnagata 641:005. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til suðausturs á mynd til hægri

hefur átt sér stað og til suðausturs hverfa þær skammt frá núverandi Fjallabaksleið nyrðri. Um 2,7 km norðvestan við þennan hluta leiðarinnar sjást götur norðvestan við Þorvaldsaura og var leiðinni þar fylgt á um 670 m löngum kafla en hún heldur lengra áfram til norðvesturs. Þar sjást 10-15 götur saman á 10-15 m breiðu svæði. Þær eru grónar og eru flestar 0,2 m á breidd og um 0,1 m á dýpt að innanmáli. Lítil varða er við leiðina, um 680 m norðvestan við Þorvaldsá. Hún er hrunin, er um 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara en í henni er móberg og grágrýti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen, 242; Ö-Búlandsheiði og Skaftártunguafréttur, 1 og Ö-Búlandssel, 2


SF-663 Skaftártunguafréttur

SF-663:008 þúst óþekkt 63°54.116N 18°36.687V

Vestan við Syðri Ófæru við mynni Hánípugils norðanvert um 700 m suðvestan við hús og tjaldstæði í hálendismiðstöðinni Hólaskjóli er lítil gróflega ferköntuð grjóthrúga. Hún er innan þess svæðis sem áætlað er fyrir lónstæði vegna Búlandsvirkjunar á þessum slóðum (lón E3 - sjá umfjöllun um *svæði 1* og kort 2). Grjóthrúgan er fast suðaustan undir um 4 m háum moldarbakka

á áreyrum Syðri Ófæru. Á þessu svæði eru eyrar árinnar flatlendar, grasigrónar og sendnar. Engar aðrar grjóthrúgur eða grjótdreifar sjást í næsta nágrenni.





Þúst 663:008. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Grjóthrúgan er aflöng og gróflega ferköntuð, um 2,5 x 2 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hrúgan er að mestu úr hraungrýti, um 0,5 m á hæð og vel gróin mosa, lyngi og víði að utanverðu. Grjót í henni miðri er að hluta mosagróið. Ekkert greinilegt hólf er í hrúgunni miðri en ekki er útilokað að veggir hafi verið um 0,5 m á breidd og innanmál um 1,5x1 m. Hugsanlega gæti verið hér um að ræða hrunið skýli og ef marka má gróður nokkuð gamalt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

3. SVÆÐISSKIPT UMFJÖLLUN

Umhverfisáhrif Búlandsvirkjunar munu ná yfir víðfermt svæði. Til hagræðis verður því svæði sem tekið var út skipt í sjö minni svæði í umfjöllun hér á eftir. Fjallað verður sérstaklega um hvert þeirra, þeim lýst stuttlega og tekið fram hvort minjar fundust á þeim eða ekki. Í *Tillögu að matsáætlun* var flestum þeim mannvirkjum sem ráðgerð eru gefinn bókstafur og verður í þeirri umfjöllun sem hér fylgir ætíð vísað í slík auðkenni þar sem þau eru til staðar en bætt við auðkennum þar sem þau vantaði.[2]

Svæði 1: Framkvæmdir í nágrenni við Hólaskjól

Á svæðinu eru ráðgerð eftirfarandi mannvirki: veitustífla (A); yfirföll (B); leiðigarður (C); inntak og veitugöng (D); tvö lónstæði (E2 og E3) og vegir og slóðar á þremur stöðum (J5, J6, J7) sem liggja á aðgreind framkvæmdasvæði af Fjallabaksleið nyrðri.

Svæðið 1 er gróflega áætlað um 4 x 2 km að stærð. Það er sunnan og norðaustan við Hálendismiðstöðina Hólaskjól. Framkvæmdasvæðið einkennist af gróðurlitlu hrauni í og við farveg Skaftár en grónir bakkar eru á vestur- og austurjöðrum svæðisins, annars vegar meðfram Syðri-Ófæru og hins vegar meðfram Grjótá. Akvegur Fjallabaksleiðar nyrðri liggur eftir miðju svæðinu.[3] Á svæðinu fundust tvær fornleifar og eru þær báðar við bakka Syðri-Ófæru. Á vestari bakkanum er manngerð grjótþúst SF-663:008 innan syðra lónstæðis (E3) á svæðinu. Á eystri bakka árinnar er rústaþyrping SF-181:016 sem lendir að hluta undir veitustíflu (A) og að hluta innan lónstæðis (E3). Rústaþyrpingin er nokkuð fornleg og er óþekkt úr heimildum. Lengi hefur verið talið að forn byggð hafi verið í Innri- og Fremri-Tólfahringum sem eru á svæðum 1 og 2. Ekki er hægt að útiloka að rústaþyrping 181:016 gæti tengst þessum sögnum þó hún sé raunar á eystri bakka árinnar en örnefnin vestan hennar. Ekki fundust önnur ummerki sem gætu tengst þessari meintu fornu byggð við vettvangsúttekt en ekki er útilokað að þær leynist undir sverði og komi í ljós við framkvæmdir en það verður að teljast ósennilegt.

Niðurstaða: Tvær fornleifar fundust á svæði 1:SF-663:008 (þúst) og SF-181:016 (tóftaþyrping).

[2] Öll mannvirki á úttektarsvæðunum fá bókstaf en einnig tölustaf þar aftan við ef greina þarf á milli tveggja eða fleiri mannvirkja í sama flokki.

[3] Þess ber að geta að ekki reyndist unnt að ganga hraunhólma í farvegi Skaftár þar sem ekki reyndist mögulegt að komast út í þá. Þess í stað var svæðið skoðað á loftmynd. Engar fornleifar sáust þar við slíka yfirferð. Þetta eru í flestum tilvikum ógrónir hólmar og eru afar litlar líkur á að þar leynist fornleifar.

Svæði 2: Endurbætur vegar á Fjallabaksleið nyrðri (syðri hluti - J3) og fleiri framkvæmdir í nágrenninu

Tekið var út um 50 m belti beggja vegna Fjallabaksleiðar (J3) frá stöðvarhúsaðkomu austan Réttarfells um Núpsheiði og Kálfasléttur að inntaksmannvirkjum í Skaftá/Syðri-Ófæru, alls um 10 km leið; tvö haugsvæði (K1 og K2) og vegarspotti (J8) á milli inntaksmannvirkja (D) og miðlunarlóns (E1) vestan við Fjallabaksleið nyrðri; stórt efnistökusvæði (L1) sem nær frá Núpsheiði og langleiðina að Syðri-Ófæru.

Svæði 2 er gróflega áætlað um 10 x 2 km að stærð. Akvegur Fjallabaksleiðar nyrðri liggur eftir öllu svæðinu. Framkvæmdasvæðið er hálent og gróið en víða eru rof komin í gróðurþekju. Á svæðinu voru minjar um reiðleið á Fjallabaksleið eldri SF-641:004 umfangsmestar en á þessu svæði voru skráðar götur og 17 vörður á leiðinni. Hún liggur meðfram núverandi akvegi á löngum kafla en beygir til norðvesturs yfir haugsvæði (K1). Á áhrifasvæði uppbyggingar Fjallabaksleiðar nyrðri (J3) er einnig varða SF-181:015 og fimm vörðubrot SF-180:024. Vörðubrot SF-181:014 er innan við 10 m suðaustan við ætlaðan jaðar haugsvæðis (K1). Leið SF-181:012 er hins vegar inni á efnistökusvæði og sést hún fyrst um 80 m suðvestan við vörðu SF-181:015 og liggur áleiðis að Kálfasléttum til suðurs. Leiðin er í hættu bæði vegna mögulegrar efnistöku (L1) og einnig vegna áætlaðrar uppbyggingar á Fjallabaksleið (J3).
Niðurstaða: Fimm fornleifar fundust á svæði 2: SF-641:004 (Fjallabaksleið eldri), SF-180:024 (vörður), SF-181:012 (varða), SF-181:014 (vörðubrot) og SF-181:015 (varða).[4]

Svæði 3: Miðlunarlón (E1) og umhverfi.

Miðlunarlón (E1) og efnistökusvæði innan lónstæðis (L3) og austan við það í vesturhlíðum Núpsheiðar (L2).

Lónstæði miðlunarlóns Búlandsvirkjunar (E1) nær yfir Þorvaldsáraura, Skeið og Skeiðistanga. Til suðurs er lónstæðið afmarkað af Réttarfelli og Fosstungum, að austan af Gæsatungum og Geldingaskeri, að norðan af Þorvaldstungum og að vestan af Kálfasléttum og Núpsheiði.

[4] Á Núpsheiði, milli Fjallabaksleiðar nyrðri (J3) á svæði 2 og lónstæðis (E1) á svæði 3 er varða (SF-181:010) og þúst (SF-181:014) er um 20 m utan við efnistökusvæði (L1) og haugsvæði (K1). Önnur varða (SF-180:027) er um 115 m frá akvegi Fjallabaksleiðar nyrðri á svæði 2. Allar minjarnar reyndust hins vegar utan þess áhrifasvæðis sem var til úttektar og því ekki fjallað sérstaklega um þær í skýrslu þessari.

Þorvaldsáraurar eru grónir að miklu leyti og er þar mest um mosa- og grasgróður. Skeið og Skeiðistangi er gróðurlítið svæði sem einkennist af flatlendum malarsléttum. Á svæðinu fundust fimm fornleifar, fjórar þeirra innan lónstæðis (E1) en ein á efnistökusvæði (L2) fast austan við lónstæðið. Á lónstæðinu sást Bjarnagata SF-641:005 á tveimur stöðum. Annars vegar sjást götur á Bjarnagötuhálsi á milli Réttarfells og Núpsheiðar og hins vegar sjást götur og varða norðvestan við Þorvaldsá á Þorvaldstungum. Tóft af rétt SF-181:009 lendir að hálfu innan lónstæðis í suðvesturhlíðum Núpsheiðar. Þúst SF-180:022 lendir innan lóns en hún er suðaustast á Skeiðistanga. Tvær óverulegar vörður SF-180:016 eru norðvestan í Réttarfelli en norðaustan við Rásgljúfur og er önnur þeirra innan lónstæðis, en í jaðri þess. Meint tóft SF-181:011 er í vesturhlíðum Núpsheiðar innan efnistökusvæðis (L2) sem er að hluta innan lónsstæðis og að hluta fast austan við það.

Niðurstaða: Fimm fornleifar fundust á svæði 3: SF-641:005 (Bjarnagata), SF-181:009 (rétt), SF180:016 (vörður), SF-180:022 (þúst) og SF-181:011 (tóft).[5]

Svæði 4: Mannvirki við Réttarfell og nágrenni

Stíflur við Réttarfell (F); inntak, stöðvarhús og tengivirki (G); vegur frá Fjallabaksleið við Selá að gangamunna aðkomuganga austan við Réttarfell (J2); vegur frá Fjallabaksleið nyrðri að jarðgangainntaki og stíflu í Rásgljúfrum (J4); tvö haugsvæði (K3 og K4).

Framkvæmdasvæði 4 er gróflega áætlað um 2,5 x 1,5 km að stærð. Það nær yfir norður- og vesturhlíðar Réttarfells, Rásgljúfur, Fosstungur og Bjarnagötuháls milli Réttarfells og Núpsheiðar. Svæðið er að mestu leyti mosa- og grasigróið en rof eru komin í gróðurþekjuna á stöku stað. Á svæðinu fundust fimm fornleifar. Þrjár þeirra eru innan áhrifasvæðis vegar (J4): Grjóthleðsla SF-180:020 sem líklega hefur verið hlaðin undir girðingu; leið SF-180:025 og grjóthleðsla SF-180:021 í vesturhlíðum Rjúpnafells.[6] Engar fornleifar fundust á stíflustæði í Rásgljúfri en tvær fornleifar fundust á áhrifasvæði hliðarstíflu á Bjarnagötuhálsi. Annars vegar er

[5] Þúst (181:017) fannst um 180 m utan við miðlunarlón (E1). Hún er utan áhrifasvæði framkvæmdanna og því ekki fjallað sérstaklega um hana í skýrslu þessari. Auk skráðra fornleifa er þekkt virki eða vígi rétt utan áhrifasvæðis. Það er, að sögn heimildamanns, Gísla Halldórs Magnússonar á Ytri-Ásum, í hellisskúta í Gæsatunguklettum í landi Ljótarstaða, fast vestan við Þvergljúfursá. Samkvæmt Gísla eru hleðslur framan við skútann og á gólfinu inni í honum er mikið af aðfluttu grjóti. Hellirinn er ofan þess svæðis sem ætti að enda undir miðlunarlóni og telst því ekki í hættu.

[6] Þess má geta að önnur af tveimur vörðum SF-180:016 sem skráðar voru við Lónstæði E1 norðvestan í Réttarfelli en norðaustan við Rásgljúfur var rétt utan áhrifasvæðis vegarins (tæplega 60 m frá honum).

hrunin og skófum vaxin varða SF-180:023 um 20 m austan við miðja hliðarstíflu og hins vegar eru fimm óverulegar vörður SF-180:024 sem eru skráðar saman þar sem slóði liggur af akvegi Fjallabaksleiðar nyrðri á milli Réttarfells og Núpsheiðar.[7]
Niðurstaða: Fimm fornleifar fundust á svæði 4: SF-180:020 (grjóthleðsla/girðing), SF-180:021 (grjóthleðsla), SF-180:023 (varða), SF-180:024 (vörður) og SF-180:025 (leið).[8]

Svæði 5: Fjallabaksleið nyrðri (J1) – syðri hluti

Endurbætur vegar á Fjallabaksleið nyrðri (J1) frá frá byggð við Búland inn undir Réttarfell.

Fjölbreytilegt landslag er á áhrifasvæði Fjallabaksleiðar nyrðri (syðri hluta J1). Þar eru hólar, hæðir og fell og flatlendar mýrar á milli. Víða eru svæði þar sem rof er komið í gróðurþekjuna en gróðurfar einkennist af graslendi. Á svæðinu sjást minjar um Fjallabaksleið eldri SF-641:004 á tveimur stöðum (varða og götur) auk þústar SF-180:026, þústar SF-179:036, leiðar SF-179:037, garðlags SF-179:038 og tóftar og rennu SF-179:035.
Niðurstaða: Sex fornleifar fundust á svæði 5: SF-641:004 (Fjallabaksleið eldri), SF-180:026 (þúst), SF-179:036 (þúst), SF-179:037 (leið), SF-179:038 (garðlag) og SF-179:035 (renna).

Svæði 6: Aðkomugöng og haugsvæði við Mosholtsmýri í Búlandi

Haugsvæði (K5) og vegur (J8) frá aðkomugöngum að malarvegi sem liggur frá Búlandi að Skaftárdal.

Svæðið er að hluta gróin mýri og að hluta uppblásið mólendi. Á því fundust mógrafir SF-179:034. Skráðar voru tvær mógrafir á stuttu svæði og lendir önnur þeirra innan haugsvæðis.
Niðurstaða: Ein fornleif fannst á svæði 6: SF-179:034 (mógrafir).[9]

[7] Um þessar vörður hefur verið fjallað áður enda eru þær einnig innan áhrifasvæðis Fjallabaksleiðar.

[8] Þess má geta að utan svæðis eru minjar um fornbýlið Hróðnýjarstaði. Þar sem minjarnar eru utan áhrifasvæðis voru þær ekki skráðar en mikilvægt er að framkvæmdaaðili sé meðvitaður um rústirnar sem eru friðlýstar minjar. Þær eru um 100 m suðaustan við haugsvæði (K4).

[9] Auk skráðra fornleifa er rétt að geta þess að fornlegar tóftir eru utan úttektarsvæðis en ekki langt sunnan við suðurmörk haugstæðis K5 að austan og vestan. Þessar tóftir ættu eru 25-50 m frá skilgreindum jaðri haugsvæðisins

Svæði 7: Framkvæmdir í nágrenni Skaftár í Búlandi

Á þessum slóðum er ráðgerður frárennslisskurður (M) og varnargarður (N) við enda frárennslisganga (H) við Skaftá; nýr vegarslóði (J9) frá malarvegi sem liggur að Skaftárdal að munna frárennslisganga (H), haugsvæði (K6) suðvestan við frárennslisskurð og veita (I) (grjótgarður með steyptu yfirfalli í Miðvatni) við Búland.

Úttektarsvæði 7 er tvískipt. Syðst á því er veita (I) við Búland. Áætlað er að hún verði að mestu leyti í árfarvegi Skaftár en norðvesturendi hennar nær upp á vesturbakka Skaftár um 40 m austan við tún í landi Búlands. Engar fornleifar fundust á þessum hluta svæðisins. Nyrst á svæðinu eru önnur mannvirki sem talin eru upp í svæðislýsingu. Frárennslisskurður (M) og varnargarður (N) eru í farvegi Skaftár og haugsvæði (K6) er á gróðurlitlu svæði fast vestan árinnar. Vegarslóðinn (J9) sem fyrirhugaður er liggur yfir uppblásinn móa. Á þessu svæði fundust tvær fornleifar. Önnur þeirra er innan áhrifasvæðis vegarslóðans; SF-179:030 óþekkt grjóthlaðin þúst. Hin er innan haugsvæðis; 179:031 greinilegar götur sem liggja frá Skaftá, áleiðis að Búlandi.
Niðurstaða: Tvær fornleifar fundust á svæði 7: SF-179:030 (grjóthlaðin þúst) og SF-179:031 (götur).[10]

og ættu ekki að teljast í neinni hættu vegna framkvæmdanna, en rétt er að minna á að aðgæslu þarf að sýna í námunda við haugstæðið.

[10] Beitarhúsatóftir (SF-179:033) eru um 70 m sunnan við vegarstæði (J9) á svæði 7. Þær eru utan áhrifasvæðis vegarins og því er ekki fjallað sérstaklega um þær í skýrslu þessari.

4. NIÐURSTÖÐUR

Áhrifasvæði Búlandsvirkjunar er víðfeðmt. Stærstur hluti þess er hins vegar talsvert ofan byggðar þar sem dreifing minjastaða er mun strjálli en í byggð og því fundust engar fornleifar á stórum hluta úttektarsvæðisins.

Um mikið af þeim minjastöðum sem voru skráðir vegna Búlandsvirkjunar gildir að þeir eru áður óþekktir og er ekki getið í heimildum svo vitað sé. Einu undantekningarnar frá þessu eru Fjallabaksleið nyrðri (641:004) og Bjarnagötur (641:005). Þó má bæta við að mögulegt er að tóftir við Syðri-Ófæru (181:016) tengist sögnum um rústir og/eða byggð við Tólfahringa sem lengi hafa verið lífseigar og að réttartóft nálægt Réttarfelli (181:009) gæti tengst eldri réttarbyggingum þar. Um aðrar minjar eru heimildir þöglar, eftir því sem best er vitað. Í sumum tilfellum er hins vegar hægt geta sér til um hlutverk minjanna. Þetta á t.d. við um fjölmarga götuslóða sem greinilega hafa verið hluti af leiðum um svæðið (t.d. 179:031, 179:037, 180:025 og 181:012). Sömu sögu er að segja um nokkrar af þeim vörðum sem skráðar voru og hafa líklegast verið hlaðnar sem samgöngubætur (180:016, 181:013 og 181:015), þ.e. þær hafa að líkindum verið hlaðnar til að marka leiðir. Tvö garðlög voru skráð sem væntanlega hafa bæði markað svæði (180:020 sem líklega var notuð undir girðingu og 179:038) og lítill vafi er á hlutverki gróinna mógrafa sem gengið var fram á (179:034) í landi Búlands. Aðrar minjar eru óræðari. Á tveimur stöðum fundust vörður sem ekkert er vitað um í hvaða tilgangi voru hlaðnar (180:023 og 190:024) og á tveimur stöðum til viðbótar fundust leifar af mannvirkjum sem gætu hafa verið vörður en ekki var hægt að útiloka að sett hefðu verið saman í öðrum tilgangi (180:021 og 180:026). Aðrar minjar sem skráðar voru flokkast sem tóftir eða þústir en samtals voru skráðir sex slíkir staðir. Allar eiga minjarnar það sameiginlegt að vera einfaldar í lögun og lausar við einkenni sem gætu varpað ljósi á hlutverk þeirra. Í þremur tilfellum (179:030, 180:022 og 181:011) er í raun ekki fullsannað að ummerkin hljóti að vera mannaverk en ákveðið var að láta staðina njóta vafans enda verður auðvelt að skera úr um slíkt með borkjarnasýnum eða litlum prufuskurðum. Í öðrum tilfellum þótti sýnt að ummerkin væru samsett af mannahöndum þótt ekkert væri vitað um aldur þeirra eða hlutverk (179:035-036, 663:008). Sumir þessara minjastaða eru án efa lítilfjörlegir en hins vegar geta merkilegar mannvistarleifar leynst undir sverði þar. Varla getur annað en prufuskurðir skorið úr um það.

Eins og gefur að skilja þegar eðli svæðisins er haft í huga eru ýmis konar samgönguminjar mest áberandi minjaflokkur innan áhrifasvæðisins.[11] Af þeim er Fjallabaksleið nyrðri SF-641:004 umfangsmest en leifar af henni sjást á svæði 2 og 5. Á því svæði sem tekið var út fundust 18 vörður sem tilheyrðu leiðinni og götur á mörgum stöðum.[12] Fjölmargar aðrar vörður voru skráðar og hafa margar þeirra án efa verið reistar í tengslum við samgöngur. Utan leiðanna eru umfangsmestu leifarnar á svæðinu eru líklega réttartóft í vesturhlíð Núpsheiðar og talsverð tóftaþyrping við Syðri-Ófæru.

Þeim minjum sem skráðar voru innan áhrifasvæðis Búlandsvirkjunar má í raun réttu skipta í tvo hópa.

a) Annars vegar eru það minjar á svæðum þar sem framkvæmdir munu óhjákvæmilega skemma minjar ef óbreyttar áætlanir um Búlandsvirkjun ná fram að ganga.
b) Hins vegar minjar sem eru í nágrenni framkvæmda sem ættu í flestum tilfellum að vera hægt að hlífa með vilja og aðgát.

a) Sex minjastaðir teljast á svæðum þar sem gert er ráð fyrir að erfitt/ómögulegt verði að hnika til staðsetningu mannvirkja og lóna. Gangi fyrirhugaðar framkvæmdir eftir munu þessir staðir óhjákvæmilega hverfa og því teljast þeir allir í stórhættu. Þetta eru eftirfarandi staðir:

Á *svæði 1*: SF-663:008 grjótþúst, SF-181:016 rústaþyrping

Á *svæði 3*: SF-641:005 Bjarnagata, SF-181:009 rétt, SF-180:022 mosaþúst

Á *svæði 4*: SF-180:024 vörðuþyrping[13]

Þessar minjar eru af margvíslegum toga. Tvær minjanna (SF-663:008 og SF-180:022) eru afar óljósar, eða s.k. þústir sem enn er ekki fullsannað að séu manngerðar en um það þyrfti að skera úr áður en framkvæmdir hæfust. Leiðin Bjarnagata (SF-641:005) liggur yfir miðlunarlónstæðið og var ein varða skráð við hana. Á lónstæðinu er einnig stór réttartóft (SF-181:009) sem mun fara að hálfu leyti undir vatn. Óverulegar vörður (SF-180:024) lenda undir hliðarstíflu við Réttarfell og áhugaverð tóftaþyrping (SF-181:016) við Syðri-Ófæru fer að hluta

[11] Rétt er að geta þess að á áhrifasvæði Búlandsvirkjunarinnar er mýgrútur af línum sem liggja þvers og kruss um það. Sumar þeirra eru náttúrulegar en flestar eru líklega fjárgötur. Stakar götur voru ekki skráðar sem leiðir en þar sem margar götur sáust saman eða um greinilega reiðleið var að ræða voru ummerkin skráð.
[12] Ekki voru ógrónar reiðgötur meðfram akvegi Fjallabaksleiðar nyrðri skráðar enda að öllum líkindum til komnar eftir lagningu vegarins en ekki gamlar reiðleiðir.
[13] Tvær af fimm vörðum lenda undir stíflu en hinar þrjár eru innan 50 m helgunarsvæðis.

undir stíflumannvirki á *svæði 1* og er að hluta innan helgunarsvæðis þeirra. Ekkert er vitað um hlutverk þessara minja og þær gætu hæglega verið eldri en hraunið sem rann austan við þær 1783.

b) Samtals voru skráðar 18 minjar sem töldust innan áhrifasvæðis virkjunar en ekki var talið óhjákvæmilegt að þyrftu að víkja vegna framkvæmdanna. Minjarnar voru taldar í mismikilli hættu eftir því hversu nálægt þær eru fyrirhuguðum framkvæmdum.

Ljóst er að framkvæmdir við Búlandsvirkjun eiga líklega eftir að skemma eitthvað af þeim leiðum sem skráðar voru á svæðinu enda erfitt að komast hjá því að skera línulegar fornleifar sem ná yfir stóran hluta svæðisins.

Þær fornleifar sem fjallað er um undir þessum flokki eiga það sameignlegt að vera í nágrenni framkvæmdasvæða s.s. á efnistöku- og haugsvæðum og á vegarstæðum og innan helgunarsvæðis þeirra. Í mörgum tilfellum ætti að vera mögulegt að komast hjá raski á þessum fornminjum ef framkvæmdaaðili þekkir staðsetningu þeirra. Víða þarf einnig að gæta sérstakrar varúðar við endurbætur vega til að koma í veg fyrir spjöll á minjum. Í einstaka tilfelli þyrfti að hnika til staðsetningu mannvirkja örlítið ef koma á í veg fyrir skemmdir á minjastöðunum.

Hér fyrir neðan er listi yfir fornleifar sem teljast í hættu vegna ráðgerðra framkvæmda við Búlandsvirkjun og minjarnar flokkaðar eftir því hversu bráð sú hætta er talin sem þeim er búin (til hliðsjónar við hættumatið er nálægð fornleifar við mannvirki og framkvæmdir).

Hættumat: stórhætta

Svæði 2: SF-641:004 Fjallabaksleið eldri – fjölmargar götur og vörður, SF-181:012 götur

Svæði 4: SF-180:016 tvær óverulegar vörður, SF-180:020 grjóthleðsla (girðingaundirstaða), SF-180:025 gata

Svæði 5: SF-179:037 götur, SF-179:035 tóft

Svæði 6: SF-179:034 mógrafir

Svæði 7: SF-179:031 götur.

Hættumat: hætta

Svæði 2: SF-181:013 vörðubrot, SF-181:015 vörðubrot

Svæði 3: SF-181:011 óljós, einföld tóft með óþekkt hlutverk

Svæði 4: SF-180:021 grjóthleðsla líklega varða, SF-180:023 varða

Svæði 5: SF-180:026 grjóthleðsla líklega varða, SF-179:036 grjótþúst, hlutverk óþekkt, SF-179:038 garðlag

Svæði 7: SF-179:030 grjótþúst, hlutverk óþekkt

Hér hefur verið fjallað um þá minjastaði sem eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búlandsvirkjun. Það er Fornleifaverndar ríkisins að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar megi víkja. Fornleifaverndin mun einnig setja fram endanleg skilyrði um mótvægisaðgerðir þar sem fornleifar reynast í hættu vegna framkvæmdanna.

Í lokin skal minnt á það sem segir í 13. grein þjóðminjalaga: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

HEIMILDASKRÁ

Allt að 150 MV Búlandsvirkjun í Skaftártungu: Mat á umhverfisáhrifum –Matsáætlun. Júlí 2012. Mannvit og Suðurorka.

Árbók Ferðafélags Íslands 1935: Vestur-Skaftafellssýsla. Sr. Óskar J. Þorláksson skráði. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.

Jón Jónsson. 1989. "Tólfahringur og Leiðólfsfell". *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1989.* 123-32.

Ferðabók Þorvaldar Thoroddsens 2. bindi. 1959 (2. útgáfa). Oddi. Reykjavík.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J.Johnsen. Kaupmannahöfn.

SB VI: *Sunnlenskar byggðir VI: Skaftárþing.* 1985. Búnaðarsamband Suðurlands.

Sigurgeir Einarsson. 1940. "Leið Flosa að fjallabaki". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1940. 48-52.*

Sigurður Vigfússon. 1892. "Rannsóknir sögustaða, sem gerðar vóru 1883 um Rangárvöllu og þar í grend, einkanlega í samanburði við Njáls sögu." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892.*

Óútgefnar heimildir

Örnefnaskrá Búlandsheiðar og Skaftártunguafrétts. Magnús Finnbogason skráði eftir Gísla Sigurðssyni. Árni Jóhannesson í Gröf fór yfir. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*

Örnefnaskrá Búlandssels. Örnefni skráði Magnús Finnbogason eftir Gísla Sigurðssyni. Gísli og Gísli Tómasson fóru yfir. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Heimildamenn

Sigurður O. Pétursson 23.12.1944

Bergdís Jóhannsdóttir 18.02.1948

Gísli Vigfús Sigurðsson 29.03.1973

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir 26.04.1978

Gísli Halldór Magnússon 12.01.1954

VIÐAUKI 1: HNITASKRÁ ISN93

Samtala	Austur	Norður
SF-179:030	525239.6	364121.37
SF-179:031A	525809.02	363978.57
SF-179:031B	525700.93	363852.14
SF-179:031C	525695.61	363785.28
SF-179:031D	525724.6	363844.06
SF-179:031E	525796.99	363959.05
SF-179:034A	524387.35	365123.33
SF-179:034B	524397.21	365083.48
SF-179:035A	525003.11	363129.28
SF-179:035B	525023.23	363068.33
SF-179:036	523766.25	363923.74
SF-179:037A	523886.96	363815.06
SF-179:037B	523800.37	363821.57
SF-179:038A	524981.02	363149.4
SF-179:038B	524951.24	363191.6
SF-180:016A	519596.9	366708.7
SF-180:016B	519600.64	366757.02
SF-180:020A	519579.15	366436.52
SF-180:020B	519592.95	366479.91
SF-180:021	519586.64	366307.72
SF-180:022	519392.56	366900.61
SF-180:023	520556.45	367227.63
SF-180:024A	520541.65	367323.29
SF-180:024B	520555.46	367326.84
SF-180:024C	520591.55	367356.82
SF-180:024D	520589.98	367334.73
SF-180:024E	520589.38	367331.97
SF-180:025	519573.43	366403.38
SF-180:026	521711.26	366568.27
SF-181:009	520476.76	367694.88
SF-181:011	520042.25	369983.99
SF-181:012A	521154.86	373742.31
SF-181:012B	521150.91	373715.09
SF-181:012C	521112.25	373583.14
SF-181:012D	521099.04	373568.15
SF-181:012E	521053.28	373300.89
SF-181:012F	520990.96	372939.56
SF-181:012G	520978.53	372831.28
SF-181:013	520634.75	373425.55
SF-181:015	521268.86	373990.82
SF-181:016A	520151.92	376088.42
SF-181:016B	520136.73	376108.54
SF-181:016C	520163.55	376067.91
SF-181:016D	520169.27	376064.16
SF-181:016F	520173.61	376054.89
SF-181:016G	520178.54	376035.17
SF-181:026E	520171.64	376061
SF-641:004A	520587.41	373717.85
SF-641:004B	520423.9	373413.52
SF-641:004C	520468.87	373309.38
SF-641:004D	520530.61	373249.22
SF-641:004E	520595.89	373103.66
SF-641:004F	520677.15	372927.92
SF-641:004G	520724.29	372826.74
SF-641:004H	520771.63	372685.13
SF-641:004I	520815.02	372559.68
SF-641:004J	520879.12	372327.74
SF-641:004K	520887.41	371859.89
SF-641:004L	520656.25	370210.42
SF-641:004M	520666.31	369975.51
SF-641:004N	520660.78	370129.55
SF-641:004P	520946.97	372001.9
SF-641:004Q	520894.7	371935.63
SF-641:004R	520892.73	371823.8
SF-641:004S	520815.42	371369.57
SF-641:004T	520630.41	370640.98
SF-641:004U	520617.59	370652.81
SF-641:004V	520605.36	370526.58
SF-641:004X	520754.27	370137.64
SF-641:004Y	520672.42	369824.43
SF-641:004Z	520673.01	369699.97
SF-641:004Z2	520676.56	369602.34
SF-641:004Z3	520533.37	373964.79
SF-641:004Z4	521673.78	366597.66
SF-641:004Z5	522587.38	365140.48
SF-641:005A	520436.72	367436.11
SF-641:005B	518889.41	370072.94
SF-641:005C	518673.84	370258.34
SF-663:008	519080.53	377644.8

Kort 1: Yfirlitsmynd

N

Kort 2: Svæði 1

Kort 3: Svæði 2

Kort 4: Svæði 2

Kort 5: Svæði 3

Kort 6: Svæði 4

Kort 7: Svæði 5 og 6


Kort 8: Svæði 7


Skýringar


- Fornleifar
- Fornleifar (línulegar)
- Fornleifar (vörður)
- Stöðvarhús
- Lónstæði
- Stíflumannvirki
- Vegir
- Haugsvæði
- Jarðgöng
- Efnistökusvæði
- Landamerki skv. Rala


0 1.500 3.000


metrar



Kort 2: SVÆÐI 1
N
J5
E2
C
E3
663008
A
J6
181016 A-G
B
J7
Skýringar
Fornleifar
Lónstæði
Stíflumannvirki
Vegir
Landamerki skv. RALA
0
500
1.000
metrar



Kort 3: SVÆÐI 2
N
D
J3
J8
K1
K2
L1
E1
641004Z3
181015
641004A
181012A
181012B
181012D
181012C
641004B
181013
641004C
641004D
181012E
641004E
641004F
181012F
641004G
181012G
641004H
641004I
641004J
641004P
641004Q
641004K
641004R
641004S
Skýringar
Fornleifar
Fornleifar: vörður
Fornleifar: leið
Lónstæði
Stíflumannvirki
Vegir
Efnistökusvæði
Haugsvæði
Jarðgöng
Landamerki skv. Rala
0
500
1.000
metrar


Kort 4: SVÆÐI 2
N
L1
641004U
641004T
641004V
641004L
641004N
641004X
641004M
641004Y
641004Z
641004Z2
181011
E1
L2
J3
L3
181009
641005A
180024A-E
180023
F
G
180022
180016B
180016A
J4
H
Skýringar
Fornleifar
Fornleifar: vörður
Fornleifar: leið
Lónstæði
Stíflumannvirki
Vegir
Efnistökusvæði
Haugsvæði
Jarðgöng
Landamerki skv. Rala
Stöðvarhús
0
500
1.000
metrar


Kort 5: SVÆÐI 3
N
K2
L1
641005C
641005B
E1
181011
L2
L3
181009
641005A
F
G
180022
180016B
180016A
J4
K3
F
180020B
180020A
180025
180021
0
500
1.000
meters
Skýringar
Fornleifar
Fornleifar: vörður
Fornleifar: leið
Lónstæði
Stíflumannvirki
Vegir
Efnistökusvæði
Haugsvæði
Jarðgöng
Landamerki skv. Rala
Stöðvarhús


Kort 6: SVÆÐI 4
N
181009
641005A
180024A-E
180023
F
L3
E1
G
J3
J4
180022
180016B
180016A
K3
F
180020B
180020A
180025
180021
J2
K4
0
350
700
metrar
Skýringar
Fornleifar
Fornleifar: vörður
Fornleifar: leið
Lónstæði
Stíflumannvirki
Vegir
Efnistökusvæði
Haugsvæði
Jarðgöng
Landamerki skv. Rala
Stöðvarhús


Kort 7: SVÆÐI 5 OG 6
N
641004Z4
180026
H
J8
K5
179034A
179034B
641004Z5
J1
J9
179036
179037B
179037A
179038B
179038A
179035A
179035B
Skýringar
Fornleifar
Fornleifar: vörður
Fornleifar (línulegar)
Vegir
Haugsvæði
Jarðgöng
Landamerki skv. Rala
0
500
1.000
metrar


Kort 8: SVÆÐI 7
N
H
M
J9
179030
K6
N
179031A-E
179038 A-B
179035 A-B
I
Skýringar
Fornleifar
Fornleifar (línulegar)
Vegir
Haugsvæði
Jarðgöng
Stíflumannvirki
Landamerki skv. Rala
0
250
500
metrar